

FUNDARGERÐ

Fundar stjórnar foreldrafélags Grunnskóla Seltjarnarness (GS), sem fram fór þriðjudaginn 23. febrúar 2016, kl. 17:30-19:00, í Mýrarhúsaskóla.

Mættir: Svana M. Davíðsdóttir formaður (SMD), Sonja Bergmann (SB), Katrín Magnúsdóttir (KM), Garðar Gíslason (GG), Hervör Pálsdóttir, Ólafía Harðardóttir (ÓH) og Davíð Scheving (DS).

Fjarverandi: Helga Sverrisdóttir (HS).

Fundarstjóri: Svana Davíðsdóttir, formaður.

Fundarritari: Hervör Pálsdóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð fram og samþykkt.

2. Erindi sem borist hafa foreldrafélaginu

a. Erindi varðandi starfsmenn skólans rætt

Erindi barst stjórn foreldrafélagsins í mars 2015. Málið rætt m.a. hvort leita eigi til skólastjóra, hjúkrunarfræðings skólans eða Vinnueftirlits.

Stjórn foreldrafélagsins felur SMD að leita upplýsinga um málið hjá skólastjóra grunnskólans.

b. Posar vs. peningar í sjoppunni í Való

Erindi barst stjórn foreldrafélagsins 18. febrúar 2015 þar sem spurt er hvort málið hafi verið rætt hjá foreldrafélaginu. Fram kemur að málið var tekið til skoðunar á síðasta skólaráðsfundi. Stjórn foreldrafélagsins felur SMD að leita upplýsinga um málið hjá skólastjóra grunnskólans.

c. Sjálfsali fyrir gos og sælgæti í íþróttahúsinu

Erindi barst frá foreldri sem var ósátt við ákvörðun handknattleiksdeildar Gróttu að koma fyrir sjálfsala í íþróttahúsinu. Um er að ræða fjáröflun. Foreldrafélagið er sammála því að rétt sé að senda Gróttu erindi. Formaður leggur fyrir stjórnina tillögu að erindi sem samþykkt er með nokkrum breytingum, þar sem bent er á mikilvægi þess að boðið sé upp á holla kosti til að hafa í sjálfsala frekar en sykraða gosdrykki eða óholl matvæli. Stjórn foreldrafélags sé ekki að mæla gegn því að hafður sé sjálfsal í húsinu en að frekar séu valdir hollir kostir. Stjórn foreldrafélagsins felur SMD að útbúa bréf í samræmi við umræður á fundi og senda Gróttu.

d. Tannverndarvikan – fyrirlestur

Erindi frá tannlækni þar sem boðið er upp á fyrirlestur, gjaldfrjálst. Stjórn foreldrafélagsins telur rétt að erindinu sé svarað af hálfu heilsugæslunnar f.h. skólans í heild. Stjórn foreldrafélagsins felur SMD að leita upplýsinga um málið hjá skólastjóra grunnskólans.

3. Bréf vegna Skjólans/Frístundar

Fulltrúar úr stjórn foreldrafélagsins heimsóttu forstöðumann skólaskjólans og skoðuðu aðstæður. Formaður leggur fyrir tillögu að erindi til bæjarstjóra vegna Skjólans. Stjórn foreldrafélagsins samþykkir drög SMD að bréfi til bæjarstjóra og bæjarstjórnar með áherslubreytingum.

4. Fyrirlestraröð – opið hús – ræða aðra mögulega kosti

Málið rætt, óskað eftir tillögum frá meðlimum stjórnar. Frestað.

a. Almenn um jákvæð samskipti

Sagt frá þriðja fundinum um starfshóp um jákvæð samskipti. Fyrirlesarar, tillögur að fyrirlesurum ræddar.

b. Einelti

Málið rætt. Frestað.

5. Þriðji fundur með starfshóp um jákvæð samskipti í febrúar

SB og SMD eru að undirbúa næsta fund starfshópsins. Rætt um hvernig á að skipa stýrihópinn. Málið rætt frekar.

6. Viðbrögð við svörum skólans um stöðu byrjendalæsisamála

Viðbrögð við svörum skólans um stöðu byrjendalæsisamála - DS falið að spyrja betur út í þetta.

7. Sjálfsmatsskýrsla grunnskólans

Sjálfsmatsskýrsla GS - GG sagði frá að gengi erfiðlega að fá upplýsingar. Frestað til næsta fundar.

8. Staða á innheimtu árgjalds

Innheimta hefur gengið vel skv. ÓH. Sendar verða áminningar á þá sem ekki hafa greitt(SMD).

9. Sundtímar í 10. Bekk

Málið rætt. Sundtímar í 10. bekk. Fækun sundtíma rædd. HP falið að ræða við Baldur um viðbrögð.

10. Vorhátíð – sirkus, hoppukastalar, fl.

Vorhátíð 5 eða 6. júní. Hátíðahöldin 5. júní rædd. ÓH ætlaði að kanna með að panta Bolta á fótboltavelli, Vatnabolta, Hoppukastala, Sirkus atriði o.fl. Boðið verði upp á pylsur eins og síðast. Mikilvægt að panta sem fyrst og gera kostnaðaráætlun. Spurning um að skoða hvort sé hægt að gera eitthvað fyrir Való líka? Rædd hugmynd um ratleik fyrir Való. ÓH ætlaði að kanna það líka og panta.

11. Fundur um áfengis- og vímuvarnir

Málið rætt. Frestað.

12. Skólanefndarfundur

Málið rætt. Frestað.

13. Skólaráðsfundur

Málið rætt. Frestað.

14. Önnur mál

Lagabreytingar fyrir næsta aðalfund. Málið rætt. Stjórn foreldrafélags felur HP að gera tillögur að lagabreytingum.

Gátlistar foreldrafélagsins. Stjórn foreldrafélagsins felur ÓH að gera tékklista yfir þá atburði sem foreldrafélagið þarf að halda utanum og senda á okkur svo unnt sé að vista í dropboxinu og næstu foreldrafélög geti nýtt sér.

Næsti fundur ákveðinn þann 15. mars kl. 17 í Grunnskóla Seltjarnarness.

Fundi slitið kl. 19.00.